



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	2. mars 2024	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Yfirlit

- Skjálftahrinan hófst klukkan 15:55 á suður enda gossprungunnar þar sem gaus 18. desember 2023
- Skjálftavirknin færðist suðaustur eftir kvikuganginum og stöðvaðist við Hagafell
- Aflögunin sem nú mælist er mun minni en hefur áður mælst í aðdraganda eldgosa. Það gæti bent til þess að minni kvika sé á ferðinni nú en í fyrri eldgosum
- Dýpi skjálftavirkninnar bendir ekki til þess að kvika sé að brjóta sér leið til yfirborðs eins og staðan er kl 18:15. Það eru því minni líkur á að kvikuinnskotið leiði til eldgoss en það er þó alls ekki útilokað.
- Ennþá á sér stað útvíkkun en öll atburðarásin er mun hægari eins og er heldur en í fyrri kvikuhlaupum á svæðinu.
- Vel gekk að rýma Svartsengi (16:35), Northern Light (16:35), Bláa lónið (16:45) og Grindavík (17:09). Eitthvað var um ferðamenn á svæðinu utan Svartsengis.
- Uppfært hættumatskort gefið út af Veðurstofi Íslands kl 18:15, sjá viðhengi.
- Lokanir færðar í Hafnir á Nesvegi, við Reykjanesbraut á Grindavíkurvegi og við Krýsuvíkurveg á Suðurstrandavegi.
- Vegna þurrka eru taldar þó nokkrar líkur á gróðureldum komi til gos.

### Upplýsingar frá Samhæfingarstöð

#### Uppfært 2. mars kl 19:00

Skjálftahrinan hófst klukkan 15:55 á suður enda gossprungunnar þar sem gaus 18. desember 2023. Skjálftavirknin færðist suðaustur eftir kvikuganginum og stöðvaðist við Hagafell. Aflögunin mældist mun minni en hefur áður mælst í aðdraganda eldgosa. Það gæti bent til þess að minni kvika sé á ferðinni nú en í fyrri eldgosum. Dýpi skjálftavirkninnar bendir ekki til þess að kvika sé að brjóta sér leið til yfirborðs. Það eru því minni líkur á að kvikuinnskotið leiði til eldgoss en það er þó alls ekki útilokað. Ein þeirra sviðsmynda sem nefnd hefur verið er að kvikuhlaup verði án þess að til eldgoss komi

Vel gekk að rýma öll svæði. Þegar Bláa lónið var rýmt er talið að um 800 manns hafi verið í lóninu. Búið var að rýma Bláa lóns svæðið (hótel, veitingastaði og lón) kl 16:45.

Virkjunin í Svartsengi og Northern Light voru rýmd kl 16:35 og Grindavík var rýmd kl 17:09. Lögregla þurfti að hafa afskipti af íbúum í tveimur húsum sem voru ósamvinnuþýð.

Búið er að koma upp mönnum lokunarpóstum við Hafnir á Nesvegi, við Reykjanesbraut á Grindavíkurvegi og við Krýsuvíkurveg á Suðurstrandavegi.

Komi til gos eru taldar miklar líkur á að gróðureldar breiðist út.



## Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands Uppfært 2. mars kl 18:45

Á þessum tímapunkti hefur smáskjálftavirknin sem hófst rétt fyrir klukkan fjögur í dag hætt. Líkur eru því á að kvikuhlaupið hafi stöðvast í bili.


Áfram mælist aflögun á svæðinu. Því er of snemmt að fullyrða að kvikuhlaupinu sé lokið og að ekki komi til eldgoss að þessu sinni. Þegar um kvikuhlaup er að ræða mælist aflögun í nokkrar klukkustundir eftir að skjálftavirknin hættir.

Veðurstofan heldur því áfram að vakta svæðið til að fylgjast með hvort að virknin taki sig upp aftur næstu klukkustundirnar eða hvort kvikuhlaupinu sé lokið. Sá möguleiki er fyrir hendi að kvika læðist upp til yfirborðs líkt og dæmi eru um í eldgosum við Fagradalsfjall.

## Frá Ferðamálastofu Uppfært 2. mars kl 19:00

Fulltrúi Ferðamálastofu var kominn í Samhæfingastöð Almannavarna fljótlega eftir kl 16:00 til að tryggja upplýsingaflæði og styðja við aðgerðir.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099.



Mynd 1 Hættumatskort Veðurstofu Íslands 15. febrúar 2024 [https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi\\_VI\\_2mars\\_1700.png](https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_2mars_1700.png)